

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 152/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/42/EB frá 6. maí 2009 um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó (**endurútgefin**) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/42/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 95/64/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Liður 7b (tilskipun ráðsins 95/64/EB) í XXI. viðauka við samninginn hljóðir svo:

„**32009 L 0042**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/42/EB frá 6. maí 2009 um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó (**endurútgefin**) (Stjtið. ESB L 141, 6.6.2009, bls. 29).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/42/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 141, 6.6.2009, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. **EB** L 320, 30.12.1995, bls. 25.

(*) **Engin stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.